

GJALDSKRÁ

Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Árnes- og Rangárvallasýslur.

I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 1.25 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.-mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.00 á ári á m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af m².

B. Rafmagn til heimilisnotkunar.

1. Um kwst.-mæli á 30 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, 5 kr. á mánuði af fyrsta herbergi hverrar íbúðar og 3 kr. á mánuði af hverju herbergi, sem umfram er.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m² má miða við samantlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja samkvæmt þessum gjaldskrárlið. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning fastagjalda af þeim húsum.

2. Heimilt er að selja gistihúsum og matsölustöðum raforku til suðu á 28 aura hverja kwst. og aðra notkun samkv. A-lið.

C. Rafmagn til véla.

Um kwst.-mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 130.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja rafmagn til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.

D. Rafmagn til hitunar.

1. Um kwst.-mæli á 15 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 12 aurum hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 10.45 til 12 og frá 18.30 til 19.45.
2. Um kwst.-mæli á 5 aura hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8.30 til 23.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.
- b. Að klukkurofar séu fánlegir, og notandi kosti tengingu þeirra, og greiði leigu eftir þá, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum héraðs-rafmagnsveitna ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillum.

53

1. apríl

II. MÆLALEIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal, fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni — 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. — 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. — 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins og reglugerð rafveitusjóðs viðkomandi sýslu.

IV. Ýmis gjöld.

1. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10 kr.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 10 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

1. Fyrst um sinn skal útiloka stóra hreyfla á tímanum kl. 10.45 til 12 fyrir hádegi og enn fremur þer að útiloka allar aðrar vélar, eftir því sem unnt er, þegar spennan er lág og aðrar ástæður gera það nauðsynlegt að dómi rafmagnsveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar um heypurrkun, gatnalýsingu o. fl. er að ræða, getur rafmagnsveitustjóri selt rafmagn eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins ár í senn.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.